



Minnisblað

Móttakandi: Skipulagsmálanefnd sambandsins

Dags.: 26. nóvember 2022

Sendandi: Guðjón Bragason

Málsnr.: 2210012SA

Málalykill: 00.14

Efni: Staða helstu verkefna á málefnasviði skipulagsmálanefndar sambandsins

Almennt

Umhverfismál í víðum skilningi falla að mestu undir lögfræði- og velferðarsvið sambandsins, þótt fleiri svið geti átt að þeim aðkomu með beinum eða óbeinum hætti. Tveir starfsmenn sviðsins, Eygerður Margrétardóttir og Þorgerður María Þorbjarnardóttir, vinna eingöngu að umhverfismálum en meginþungi þeirra verkefna er á sviði úrgangsmála og loftslagsmála. Sviðsstjóri og lögfræðingar sambandsins skipta einnig með sér ýmsum verkefnum sem þarna falla undir ásamt því að sinna öðrum málefnasviðum, svo sem menntamálum, félagsþjónustu og mállefnum sveitarfélaga og stjórnslu þeirra almennt.

Sambandið tilnefnir jafnframt fulltrúa í fjölmarga starfshópa og nefndir sem móta tillögur um löggjöf og stefnur og eru það ýmist starfsmenn sambandsins, kjörnir fulltrúar í sveitarstjórn eða starfsmenn sveitarfélaga sem veljast til þeirra trúnaðarstarfa. Jafnan er hafður sá háttur á að tilnefndur er tengiliður af hálfu sambandsins sem er nefndarfulltrúum til ráðgjafar þegar ekki er um að ræða starfsmenn sambandsins. Markmið er þá að starfsmaður geti fylgst með framvindu vinnu, fundað með fulltrúum, lesið yfir drög að tillögum nefnda og veitt annan stuðning sem leitað er eftir. Eðlilega er nokkuð misjafnt hve mikið nefndarfulltrúar leita eftir slíkum stuðningi.

Í þessu yfirliti er leitast við fara yfir helstu verkefni og stöðu þeirra, til upplýsinga fyrir nefndina. Yfirlit þetta verður uppfært eftir því sem verkefnum vindur fram. Eðli máls samkvæmt verður slíkt yfirlit aldrei tæmandi.

Húsnæðismál

Í júlí var undirritaður rammasamningur um aukið framboð íbúðarhúsnæðis. Samningurinn endurspeglar að stærstum hluta tillögur áttakshóps um húsnæðismál, en í honum áttu m.a. sæti fulltrúar frá aðilum vinnumarkaðarins í tengslum við endurnýjun svonefnds Lífskjarasamnings.

Rammasamningnum fylgir aðgerðaáætlun og í stýrihópi rammasamningsins er fundað reglulega um framgang verkefna. Fulltrúar sambandsins í stýrihópi eru Karl Björnsson og Guðjón Bragason en einnig hafa verið eða verða skipaðir starfshópar um framgang einstakra verkefna. Hér er um mjög umfangsmikla vinnu að ræða eins og kynnt verður á fyrsta fundi skipulagsmálanefndar 30. nóvember.

Í rammasamningnum um húsnæðismál eru all margar tillögur sem lúta að einföldun regluverks og samþættingu ferla. Fundað hefur verið með HMS og innviðaráðuneyti m.a.

um verkefni sem varða laga- og reglugerðarbreytingar og framundan eru samtöl við Skipulagsstofnun og fleiri aðila um samþættingu ferla. Heildarumfang vinnunnar framundan er á þessu stigi ekki fullljóst en ljóst er að sambandið mun þurfa að sækja til sveitarfélaga eftir sérfræðipækkingu til að manna vinnuhópa.

Skipulagsmál

Skipulagdagurinn, árlegur samráðsfundur Skipulagsstofnunar og sveitarfélaga var haldinn 17. nóvember sl. Að venju var gott samstarf milli Skipulagsstofnunar og sambandsins um mótun dagskrár og framkvæmd viðburðarins. Þátttakendur voru hátt í 200 og var almenn ánægja með viðburðinn. Unnt er að [horfa á upptöku frá fundinum og skoða glærur](#).

Landsskipulagsstefna hefur verið í undirbúningsferli í innviðaráðuneyti, ásamt því að þar hafa verið í skoðun leiðir til að samþætta stefnur og aðgerðaáætlanir á málefnasviði ráðuneytisins. Sambandið hefur kallað eftir því að áður en lagt verði af stað í vinnu við nýja landsskipulagsstefnu þurfi að fara fram samtal um reynsluna af gildandi landsskipulagsstefnu 2015-2026 og m.a. verði tekið til skoðunar hvort vilji sé til þess að minnka að einhverju leyti umfang stefnunnar. Ekki hafa komið bein viðbrögð við þessum sjónarmiðum sambandsins.

Náttúruvernd

Stærsta einstaka verkefni á sviði náttúruverndar er gerð tillagna um B-hluta framkvæmdaáætlunar náttúruminjaskrár. Verkefnið hefur verið í vinnslu með hléum síðan 2018. Sambandið á þrjá fulltrúa í ráðgjafanefnd verkefnisins. Línur munu væntanlega skýrast á næstunni um hvernig staðið verði að samráði um umfangsmiklar tillögur um nýjar friðanir og friðlýsingar sem hafa verið í mótun hjá Náttúrufræðistofnun og Umhverfisstofnun.

[Skýrsla starfshóps](#) sem umhverfis-, loftslags- og orkumálaráðherra skipaði fyrir á árinu um málefni þjóðgarða og friðlýstra svæða var kynnt í október. Ekki liggur fyrir hver næstu skref verða í þeirri vinnu.

Árlegur fundur Umhverfisstofnunar, náttúrustofa og náttúruverndarnefnda var haldinn 10. nóvember sl. Unnt er að skoða [glærur frá fundinum](#).

Sambandið á einnig aðkomu að málefnum ferðamannastaða með skipan fulltrúa í verkefnisstjórn landsáætlunar um uppbyggingu innviða og í stjórn Framkvæmdasjóðs ferðamannastaða. Þessi verkefni eru þýðingarmikil til að draga úr hættu á álagi af völdum ferðamanna.

Loftslagsmál

Í samstarfssamningi milli umhverfis-, loftslags- og auðlindaráðuneytis og Sambands íslenskra sveitarfélaga er gert ráð fyrir því að sambandið veiti ráðgjöf til íslenskra sveitarfélaga um stefnu og aðgerðir í loftslagsmálum, hvort sem varðar samdrátt í losun eða aðlögun að loftslagsbreytingum, með hliðsjón af lögum um loftslagsmál og gildandi aðgerðaáætlun í loftslagsmálum og öðrum þeim stefnum og reglum er tengjast aðlögun að loftslagsbreytingum. Einnig er gert ráð fyrir þátttöku sambandsins í starfshópum er varða aðgerðaáætlun í loftslagsmálum og gerð aðgerðaáætlunar um aðlögun að loftslagsbreytingum.

Vinna sambandsins með sveitarfélögum að þessu málefni hefur m.a. farið fram í gegnum starfshópa sem það á aðild að en einnig með stofnun Samráðsvettvangs sveitarfélaga um loftslagsmál og heimsmarkmið SP, sem stofnaður var sumarið 2019. Covid-19 heimsfaraldurinn hafði töluverð áhrif á framvindu þess samstarfs ásamt því að starfsfólk sambandsins hefur þurft að leggja höfuðáherslu á verkefni við innleiðingu hringrásarhagkerfis á undanförunum misserum.

Þrjú stærstu verkefni sambandsins á sviði loftslagsmála undir merkjum þessa samráðsvettvangs hafa verið að útbúa Verkfærakistuna [Loftslagsvænni sveitarfélög](#), aðkoma að mótun [hvítbókar um aðlögun að loftslagsbreytingum](#) og þátttaka í verkefninu [Byggjum græna framtíð](#). Vilji er til þess að blása auknu lífi í vinnu sambandsins að loftslagsmálum á komandi misserum, m.a. með því að uppfæra verkfærakistuna.

Á þessu ári hefur einna mest áhersla verið á aðlögun að loftslagsbreytingum. Sambandið stóð m.a. að málþingi sem haldið 5. september og nefndist *Aðlögun að breyttum heimi*, í samstarfi við Byggingastofnun, Veðurstofuna, Reykjavíkurborg og umhverfis-, loftslags- og auðlindaráðuneyti. [Uppþökur](#) eru aðgengilegar frá ráðstefnunni.

Í haust hófust síðan [vinnustofur](#) um að aðlögun að loftslagsbreytingum, en á þeim verður m.a. fjallað um náttúruvá, skipulag, vatns- og fráveitur, samgöngur o.fl.

Úrgangsmál

Hjá sambandinu starfar verkefnisstjórn um úrgangsmál, sem fundar reglulega um stöðu í málaflokknum. Fyrir vikið eru úrgangsmál ekki oft rædd á fundum skipulagsmálanefndar. Innleiðing hringrásarhagkerfis er þó verkefni af þeirri stærðargráðu að tilefni getur orðið til þess að ræða a.m.k. meginlínur þess á fundum nefndarinnar á næsta ári, þegar innleiðingu breytinga á úrgangsstjórn sveitarfélaga ætti að mestu að ljúka.

Eftir standa þó miklar áskoranir í málaflokknum sem ekki síst snúa að innviðum til meðhöndlunar úrgangs og nýtingu hráefna sem til falla í hringrásinni.

Fráveitumál

Viðræður hafa lengi staðið yfir á milli umhverfis-, loftslags- og auðlindaráðuneytis annars vegar og Sambands Íslenskra sveitarfélaga og Samorku hins vegar um endurskoðun reglugerðar um fráveitur og skólp. Hefur ráðuneytið lagt til að kröfur verði auknar í nýrri reglugerð með kröfu um fulla eins stigs hreinsun í stað grófhreinsunar. Ekki liggur enn fyrir niðurstaða og í raun verið lítil framvinda í þessu máli á yfirstandandi ári.

Í október voru birt drög að endurskoðaðri fráveitutilskipun ESB og hefur hún m.a. verið rýnd af CEMR og Sveitarstjórnarvettvangi EFTA. Í tilskipuninni getur falist verulegur kostnaðarauki fyrir íslensk sveitarfélög, m.a. vegna lækkunar viðmiða um fjölda persónueininga (úr 2.000 í 1.000 pe.), áforma um auknar kröfur um hreinsun frárennslis m.t.t. örplasts og lyfjaleifa og fleiri þátta. Sambandið hefur kallað eftir því að samráðsvettvangur um fráveitumál fjalli um málið en einnig eru áform um að koma á samtali við Noreg og líklega aðrar Norðurlandþjóðir um hvort grundvöllur sé til þess að setja fram sameiginlegar áherslur í þessu máli.

Vitaskuld þurfa íslensk sveitarfélög að horfa til framtíðar í sýna metnað í fráveitumálum líkt og sveitarfélög í Evrópu almennt. Engu að síður eru aðstæður hér á landi um margt ólíkar því sem víðast er á meginlandi Evrópu, einkum vegna þess hve hitastig er lágt og

miklir straumar. Í viðræðum við ráðuneytið hefur sambandið lagt höfuðáherslu á að ljúka verkefni sem lagt var af stað með árið 1995, sem er að koma á fyrsta stigs hreinsun í öllu þéttbýli. Auknar kröfur um hreinsun frárennslis munu fyrirsjáanlega þyngja það verkefni og er hætta á að framkvæmdir dragist enn á langinn ef kostnaður við þessar framkvæmdir hækkar.

Orkumál

Samband íslenskra sveitarfélaga og Samtök orkusveitarfélaga hafa átt gott samstarf um ýmis mál. Umfangsmesta vinnan hefur snúið að samtali við starfshóp sem umhverfis-, orku- og auðlindaráðherra skipaði til að vinna tillögur um lagaumhverfi vindorkunýtingar. Þrjár fundir hafa verið haldnar með starfshópnum þar sem farið hefur verið yfir hugmyndir um leiðir til að skapa vandaðri umgjörð um skipulagsmál og leyfisveitingar fyrir vindorkuver ásamt því að meginefni eins fundarins var um hvernig hægt væri að haga skattlagningu/auðlindagjaldi til nærsamfélags virkjana.

Frumvarp til br. á skipulagslögum (raflínuskipulag) er til umfjöllunar í umhverfis- og skipulagsnefnd Alþingis. Málið er umdeilt og eru [umsagnir frá sveitarfélögum](#) almennt mjög neikvæðar varðandi þá skerðingu á skipulagsvaldi sem felst í þeirri stjórnslu sem lögð er til í frumvarpinu.

Í byrjun árs var kynnt grænbók um orkumál og átti sambandið, ásamt landshlutasamtökum sveitarfélaga og Samtökum orkusveitarfélaga gagnlegan fund með starfshópnum.

Önnur verkefni

Í október kom út [skýrsla um stöðu brunavarna](#), sem er fyrsta heildstæða skýrsla um stöðu slökkviliða hér á landi. Má vænta þess að í framhaldi af skýrslunni muni sambandið taka þátt í margháttaðu úrbótastarfi í samstarfi við HMS og slökkviliðin.

Þessi tengt hefur sambandið tekið þátt í vinnu undir forystu HMS þar sem unnið er með ábendingar í kjölfar bruna á Bræðraborgarstígs í Reykjavík. Einn þáttur í þeirri vinnu er að móta tillögur um mögulega rýmkun á skráningu aðseturs í atvinnuhúsnæði, til að skráning endurspegli betur raunverulegt aðsetur fólks.

Umræða um lög um lögheimili og aðsetur er nokkuð áberandi á sveitarstjórnarstigi og telja sveitarfélög að þrengja þurfi möguleika fólks á skrá sig óstaðsetta í hús í sveitarfélagi. Þetta á ekki síst við um fólk sem hyggst taka upp heilsársbúsetu í frístundabyggðum. Sambandið hyggst beita sér fyrir því að ná fram endurskoðun bæði á lagaumgjörð og verklagi við skráningu búsetu til skýra línur hvað þetta varðar, en jafnhliða getur þurft að skýra betur skyldu sveitarfélaga til að veita íbúum þjónustu utan skilgreindra íbúðasvæða.

Vert er að nefna að sambandið hefur tekið þátt í verkefni um að [bæta aðgengismál fyrir fatlað fólk](#). Sveitarfélögin hafa almennt sýnt mikinn áhuga á þátttöku og hafa þau flest tilnefnt aðgengisfulltrúa.

Hafin er vinna í menningar- og viðskiptaráðuneyti við að endurskoða [stefnuramma ferðaþjónustunnar](#) til 2030. Vænta má frekari vinnu við mótun og framkvæmd aðgerðaáætlunar sem gerð verður á grundvelli rammans.

Mál til umsagnar

Sambandið veitir ávallt töluverðan fjölda umsagna um mál í samráðsgátt og frá Alþingi, ásamt því að það er mikilvægur hluti hagsmunagæslu sambandsins f.h. sveitarfélaga að eiga beina aðkomu að mótun lagafrumvarpa og reglugerða. Allar umsagnir eru birtar á [vef sambandsins](#). Af slíkum málum á þessu ári er einkum ástæða til að nefna:

- Frumvarp um [breytingar á skipulagslögum \(raflínuskipulag\)](#)
- Frumvarp um breytingar á [lögum um menningarminjar](#) (aldursfriðun húsa)
- Drög að [frumvarpi um breytingar á skipulagslögum](#) (framboð hagkvæms húsnæðis)
- Drög að [frumvarpi um stefnumarkandi stefnur](#)
- Frumvarp til [heildarlaga um loftferðir](#) (skipulag við flugvelli)
- Erindi til starfshóps um gerð [grænbókar um orkumál](#)

GB